



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. maí 2024.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003 (nemendur með alþjóðlega vernd), þskj. 1381, 934. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Styður skrifstofan frumvarpið heils hugar og hvetur til lögleiðingar þess.

Í greinargerð með frumvarpinu er meðal annars vísað til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, en þar er áhersla lög á að flóttafólk fái nauðsynlega aðstoð til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem það er á vinnumarkaði, til náms eða á öðrum sviðum. Það er mat MRSÍ að með framangreindri lagabreytingu verði stigið mikilvægt skref í þá átt að auðvelda inngildingu flóttamanna og einstaklinga með dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða í samfélagið.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri